



Reykjavík 24.11.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 24. nóvember 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Nafnanefnd

Lagt er til að leiðréttar verðir bókanir vegna tillagna nafnanefndar sem samþykktar voru á fundum skipulags- og samgönguráðs 3. nóvember 2021, 6. maí 2020 og 15. janúar 2020, þar sem láðist að vísa þeim til borgarráðs.

Leiðréttar bókanir frá fundum skipulags- og samgönguráðs 3. nóvember 2021, 6. maí 2020 og 15. janúar 2020:

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Nafnanefnd

Fundargerð

19. ágúst 2021

54. fundur, haldinn að Borgartúni 14, 19. ágúst 2021, kl. 11:00.

Á fundinn mættu: Ármann Jakobsson, Guðrún Kvaran, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Músson. Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa mætti á fundinn og mun sitja fundi Nafnanefndar.

Þetta gerðist:

Skerjafjörður

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna í nýrri byggð í Skerjafirði. Tillögur frá 53. fundi nefndarinnar.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Andvaranes, Otursnes, Reginsnes og nýtt torg fái nafnið Igðutorg.

Ártúnshöfði

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna í nýrri byggð á Ártúnshöfða, svæði 1.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Stálhöfði, Steinhöfði og nýr garður fái nafnið Iðjugarður.

Orkureitur

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna í nýju deiliskipulagi fyrir Orkureit, milli Suðurlandsbrautar, Grensásvegur og Ármúla.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Dalsmúli, Blámúli, Barðmúli, Lautarmúli og nýtt torg fái nafnið Múlatorg.

Annað

Nafnanefnd var beðin um að leggja til nafn á hliðarveg við Vesturlandsveg, milli Brimness og Kjalarness.

Lagt er til að vegurinn verði nefndur **Hofsvíkurvegur**.

Nafnanefnd var beðin um að leggja til nafn á veg sem liggur frá Þingvallavegi og upp í skíðaskála og loftskýtamastur á Skálafelli.

Lagt er til að vegurinn verði nefndur **Skálafellsvegur**.



Nikulás Úlfar Músson
Byggingarfulltrúi

Reykjavík 22.11.2021

Útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 6. maí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Nafnanefnd


Lagt er fram erindi nafnanefndar þar sem gerð er tillaga að nöfnum gatna á svæði 2 í Elliðaárvogi.

Samþykkt.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Bryggjuhverfi



Nafnanefnd

Fundargerð

22. apríl 2020

52. fundur, samskipti fundarmanna fóru fram með tölvupóstum vegna fjölda- og fjarlægðartakmarkana vegna Covid 19 faraldursins.

Þau sem afstöðu tóku: Ármann Jakobsson, Ásrún Kristjánsdóttir, Guðrún Kvaran og Nikulás Úlfar Másson.

Elliðaárvogur, svæði 2

Skipulagshöfundar óskuðu eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna á svæði 2 í Elliðaárvogi.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Álabryggja, Eitilsbryggja, Gautreksbryggja, Geitisbryggja, Hakabryggja, Högnabryggja, Lyngvabryggja, Mundilsbryggja og Rökkvabryggja.

Nafnanefnd hefur áður lagt til nöfnin Beimabryggja, Buðlabryggja, Endilsbryggja Gjúkabryggja og Leifnisbryggja á svæði nr. 1. Um er að ræða sækunungaheiti úr þulum sem koma fram í Snorra-Eddu.

Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi



Borgarvefsjá: Kort úr LUKR - Notist ekki sem heimild til graftar

Reykjavík 22.11.2021

Útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. janúar 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Lykilstígar

Lagt er fram fundargerð nafnanefndar, dags. 8. janúar 2020 ásamt korti af lykilstígum dags. ódags. Þar sem lögð er fram tillaga að nöfnum á lykilstíga. Einnig er lögð fram tillaga frá nafnanefnd að nafni á hólma við Grænlandsleið.

Samþykkt.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Rétt eins og götur og vegir hafa nöfn er eðlilegt að stígar sem ætlaðir eru gangandi og hjólandi hafi nöfn. Vel hefur tekist til að okkar mati. Sex ný, falleg nöfn bætast nú við á stígakort Reykjavíkur. Sólarleið, Mánaleið, Kelduleið, Bæjarleið, Eyjaleið og Árleið. Við fögnum því.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir





A Mánaleið

F Bæjarleið

B Sólarleið

C Árleið

D Kelduleið

E Eyjaleið



Nafnanefnd

Fundargerð

8. janúar 2020

51. fundur, haldinn að Borgartúni 14, 16. desember 2019, kl. 14:30.

Á fundinn mættu: Ármann Jakobsson, Guðrún Kvaran, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Másson.

Þetta gerðist:

1 Lykilstígar - heiti

Á fundi sínum þann 25. september 2019 lagði skipulags- og samgönguráð til að nafnanefnd yrði falið að gera tillögur um nöfn á eftirfarandi göngu- og hjólastígum:

- Stígunum meðfram Sæbraut.
- Stígunum sem liggur meðfram Ægisíðu og í gegnum Fossvog, inn í Elliðarárdal.
- Stígunum í gegnum Elliðarárdal.
- Stígunum sem liggur meðfram frá Sæbraut, í gegnum Geirsnef, og svo Vesturlandsvegi inn í Mosfellsbæ.
- Stígunum sem gengur í frá Bryggjuhverfi, í gegnum Grafarvoginn og til Mosfellsbæjar, meðfram sjó.
- Stígunum frá Nauthólsvík, meðfram Öskjuhlíð og niður í miðbæ Reykjavíkur.

Lögð eru til eftirfarandi nöfn, sjá nánar á korti:

- Mánaleið**
- Sólarleið**
- Árleið**
- Kelduleið**
- Eyjaleið**
- Bæjarleið**

2 Eyja/hólmi í Úlfarsá.

Í tölvupósti, dags. 19. mars 2019, gerir Hólmfríður Þ. Larsen tillögu um það að litla „eyjan“ í Úlfarsá við Vesturlandsveg fái nafnið Ketilsey, eftir föður sínum Katli Larsen, sem bjó að Engi v/Vesturlandsveg. Hann hafi ræktað upp þessa „eyju“ og þótt afskaplega vænt um hana.

Þar sem heitið Ketilsey er þegar til í Breiðafirði og umrædd „eyja“ ekki vel skilgreind, gerir nafnanefnd ekki athugasemd við það, fyrir sitt leyti, að umrædd „eyja“ verði nefnd **Ketilshólmi**.

Fleira ekki gert.

Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi